

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Djúpavogi



Dags eftirlits	11.6.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Baldur Gunnlaugsson	Staðsetning	725275,57	470435,905

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Djúpavogi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók var í góðu lagi.

Niðurstöður mælinga á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar hafa borist. Niðurstaðan er að sýnið stóðst olíupróf Macherey Nagel. Olíuskiljan var síðast þjónustuð í september 2013 sem er í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Einn geymir er í stöðinni nr. T0055 og ein virk lögn nr. 765.60.00 sem nær niður á bryggju. Mælingar á þeim eru í góðu lagi. Geymirinn var botnhreinsaður í nóvember 2013.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Loki í frárennsli þróar stöð lokaður.

ANNAÐ

Olíubirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. hafa nýlega hlotið vottun samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 og eru reknar samkvæmt því.

Reykjavík, 23.06.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.